

Kes Mveidja
Aval heidus

**Könnun á lífskjörum
og högum
Sóknarkvenna 1976**

REYKJAVÍK
1977

**Könnun á lífskjörum
og högum
Sóknarkvenna 1976**

REYKJAVÍK
1977

Útgefandi
Starfsmannafélagið SÓKN
Skólavörðustíg 16
Reykjavík

Prentsmiðjan HÓLAR HF.

Formáli

Við úrvinnslu á þessari könnun hef ég kosið að hafa þann háttinn á að láta upplýsingarnar sjálfar tala sínu máli. Spurningarnar voru þess eðlis, að spurt var um hrein „upplýsingaatriði“, og því þarf engar túlkanir að hafa á svörunum – hvorki félagsfræðilegar né á neinn annan hátt. Svörin gefa sjálf greinilega til kynna hvernig líf skjörum og högum Sóknarkvenna er háttað.

Könnun þessi var gerð í október- og nóvembermánuði 1976. Tilgangurinn með henni var að athuga að nokkru líf skjör Sóknarkvenna, og þau skrif, sem hér fara á eftir, varpa vonandi einhverju ljósi á aðstæður þessara kvenna.

Könnunin fór þannig fram, að valdar voru 200 konur af þeim 2.000, sem til greina komu í úrtak (þ. e. þær konur, sem voru í vinnu, þegar könnunin var gerð og höfðu greitt félagsgjöld til félagsins næstu mánuði á undan). Tilviljun var látin ráða hverjar komu í úrtakið. Þessum 200 konum var síðan sendur spurningalisti, þær beðnar að útfylla hann og senda á skrifstofu félagsins.

95 listar bárust í pósti, og að auki fengust upplýsingar frá 24 konum til viðbótar í gegnum síma. Alls bárust því 119 listar, en það er 59,5% innheimta á listunum. Þetta verður að teljast sæmlegt, einkum þegar haft er í huga, að rúm 20% af þeim listum, sem eftir voru, voru frá stúlkum á

aldrinum 16–20 ára. Félaginu er í raun minnstur akkur í upplýsingum frá þessum stúlkum – þær hafa verið stuttan tíma í félaginu og óvíst hvort þær ílendast þar, þær búa flestar enn í foreldrahúsum og lífskjör þeirra eru því með öðrum hætti en hjá félagskonum almennt.

Auður Styrkárstöttir.

Aldursdreifing félagskvemma og úrtaks

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á aldursdreifingu félagskvemma allra og aldursdreifingu þeirra kvemma, sem upplýsingar bárust frá. Eins og sjá má er dreifingin mjög lík – mestur er munurinn hjá konum á aldrinum 41–50 ára. Þessi aldurshópur er 18,5% af öllum félagskonum, en 21% af konum í úrtakinu.

Aldursdreifing félagskvemma og úrtaks:

Aldur	Félagskonur	Úrtak
16–20 ára	14,1%	12,6%
21–30 —	15,2%	15,1%
31–40 —	10,2%	9,2%
41–50 —	18,3%	21,0%
51–60 —	23,0%	22,8%
61–70 —	15,6%	16,8%
71–80 —	2,6%	2,5%
	<hr/>	<hr/>
	100,0%	100,0%

Stór hópur félagskvemma er mjög ungur – á aldrinum 16–20 ára, eða 14,1%. Eins og áður sagði er með öllu óvíst hvort þær ílendist í félaginu og verði þar til frambúðar. En raunar er einkennandi hversu margar konur hafa verið stuttan tíma í félaginu, þrátt fyrir það, að 41,3% af félagskonum eru fimmtíu ára og eldri.

**Lengd á
Sóknar-
svæði**

Spurt var um hversu lengi konurnar höfðu unnið á Sóknarsvæðinu. Í ljós kom að verulegur hluti þeirra, eða 64,7%, höfðu verið skemur en 5 ár á Sóknarsvæði. Þarna inni eru að vísu stúlkur á aldrinum 16–20 ára, sem eru nýkomnar á vinnumarkaðinn. En séu þær dregnar frá, eru samt eftir 52,1%, sem hafa unnið skemur en 5 ár. Að öðru leyti var dreifingin á þessa leið:

Á Sóknarsv. skemur en 1 ár	21 kona
— — 1–2 ár	28 konur
— — 3–4 ár	28 —
— — 5–6 ár	12 —
— — 7–8 ár	5 —
— — 9–10 ár	5 —
— — 11–15 ár	9 —
— — 16–20 ár	4 —
— — 21–35 ár	7 —

Samtals: 119 konur

Þetta er í rauninni ekki einkennilegt þegar haft er í huga, að skammt er síðan giftar konur fóru að sækja út á vinnumarkaðinn í einhverjum mæli. Árið 1963 var hlutfallsleg atvinnuþátttaka giftra kvenna 36,6%, en árið 1970 var hún komin upp í 52,4% – hafði aukist um 15,8% á aðeins 7 árum. Mjög margar giftar konur eru því tiltölulega nýkomnar á vinnumarkaðinn.

**Vinnutegund
síðustu 10
árin**

Þá var einnig spurt, hvort konurnar hefðu unnið önnur störf áður en þær komu á Sóknarsvæðið. Fara svör þeirra hér á eftir. Nokkrar konur höfðu verið í fleiri en einni vinnu, og var þá tekið það starf, sem þær höfðu seinast.

Saumaskapur	15 konur
Verslunar- og skrifstofustörf	12 —
Verksmiðjustörf	8 —
Frystihús	7 —
Þjónustustörf	7 —
Ræstingar	3 —
Matráðskona	3 —
Prentsmiðjuvinna	2 —

Samtals: 57 konur

57 konur höfðu stundað önnur störf áður en þær komu í Sókn (og var þá miðað við, að þær segðu aðeins til um síðustu 10 árin). Þetta styrkir enn frekar þá skoðun, að mjög stór hluti kvennanna hafi verið stuttan tíma á vinnumarkaðnum, þótt vissulega megi finna þær konur, sem hafa unnið utan heimilis svo til alla ævi, jafnvel alla tíð á Sóknarsvæði.

**Menntun
umfram
skyldunám**

Spurt var um þá menntun (skólagöngu), sem konurnar höfðu umfram barnaskóla eða skyldunám. Engrar sérstakrar menntunar eða þjálfunar er krafist af konum, sem vinna þau störf, er Sókn tekur til.

70 konur höfðu hlotið einhverja skólagöngu umfram skyldunám. 3 eldri konur kváðust enga menntun hafa fengið umfram þá, sem heimilið gat veitt þeim. Skólaganga kvennanna var þannig:

Húsmæðraskóli	25 konur
Gagnfræðapróf	20 —
Miðskólapróf	8 —
Kvennaskóli	7 —
Kvöldsk./námsflokkar	9 —

Landspróf	3	—
Fóstruskólinn	1	kona
Garðyrkjuskólinn	1	—
Nám í pedagogík	1	—
Hárgreiðsla	1	—
Ljósmeðraskólinn	1	—
Proskapjálfanám	1	—
Menntaskóli (í 1½ ár)	1	—
Lýðháskóli (í 1 ár)	1	—

(Athugið, að sumar konur höfðu hlotið fleiri en eina tegund menntunar, t. d. bæði tekið gagnfræðapróf og verið á húsmæðraskóla. Þess vegna er fjöldi kvennanna hér meiri heldur en fjöldi þeirra kvenna, sem einhverja skólagöngu höfðu hlotið).

Hjúskaparstaða Sóknarkvenna og störf eiginmanna

Einhleypar (það er ógiftar konur, ekkjur og fráskildar) reyndust vera 52 konur af þessum 119 – þar af 13 ekkjur og 6 fráskildar konur. 67 konur voru giftar (eða í sambúð). 43,7% kvennanna eru einu fyrirvinnur sinna heimila, þ. e. a. s. þær einhleypu.

Konurnar skiptust þannig niður á aldurshóp-ana:

Aldur	Giftar	Ein- hleypar
16–20 ára	4	11
21–30 —	12	6
31–40 —	10	1
41–50 —	18	7
51–60 —	15	12
61–70 —	8	12
71–80 —	0	3
	67	52

Störf eiginmanna	Verkamaður	20
	lðnaðarmaður	12
	Öryrki – sjúklingur	5
	Ellilífeyrisþegi	4
	Nemi	3
	Sjómaður	2
	Skipstjóri	1
	Afgreiðslum./skrifsofum.	8
	Rafmagnstækniþæðingur	1
	Borgarstarfsmaður	1
	Viðgerð á fiskileitartækjum	1
	Verkstjóri	1
	Teiknistörf	1
	Lögregluþjónn	2
Bóndi	1	
Skrifstofustjóri	1	
Kennari	1	

Samtals: 65

(2 konur gáfu ekki upp starf maka).

Húsnæði

Konurnar voru spurðar að því, hvort þær byggju í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði. Jafnframt voru leigjendur spurðir hvort þeir væru öruggir með þetta húsnæði, eða hvort þeir gætu átt von á uppsögn með litlum fyrirvara. Ennfremur var spurt um stærð húsnæðis, þ. e. herbergjafjölda að undanskildu eldhúsi, baði, geymslum og göngum. Svörin fara hér á eftir.

Í eigin húsnæði bjuggu 71 kona (59,7%) og í leiguhúsnæði 32 konur (26,9%). Hjá foreldrum eða öðrum ættingjum bjuggu 16 konur. Hér á eftir fer yfirlitstafla um stærð húsnæðis og fjölda á heimili (svör 3ja leigjenda og 10 í eigin húsnæði eru ekki tekin með í töfluna, þar sem upplýsingar voru ófullnægjandi).

Fjöldi á heimili

	Eigið húsnæði							Leiguhúsnæði						
	Herbergjafjöldi							Herbergjafjöldi						
	1	2	3	4	5	6	7	1	2	3	4	5	6	7
1		7	5					1	2	1				
2			3	10	4	2		2	6	6				
3				3	1	1			2		1			
4			1		4	5			2	4				
5				1	4	2	2	1		1		1		
6							1							
7					1	1	2	1						

Leigjendur voru spurðir um upphæð leigunnar. Reyndist hún afar misjöfn, eða frá kr. 550,00 til kr. 40.000,00 á mánuði. Taflan hér að neðan sýnir leiguupphæð miðað við fjölda herbergja.

Leiguupphæð	Herbergjafjöldi				
	1	2	3	4	5
0- 5.000	1	3			
5.100-10.000	2	3	3		
10.100-15.000		4	2		
15.100-20.000		1	2		
20.100-25.000		1	3		
25.100-30.000					
30.100-35.000					1
35.100-40.000			1	1	

4 leigjendur leigðu hjá ríkinu og borguðu mjög litla húsaleigu. Einn leigjandi leigði hjá bænum, og þar var leigan einnig lág. Ef þessir 5 leigjendur eru teknir út úr, þá er meðalleiguupphæð fyrir 2,5 herbergja íbúð kr. 17.800,00 á mánuði.

Af 32 leigjendum kváðust 24 búa við óörugga leigu – þ. e. þeir gátu átt von á uppsögn húsnæðis með litlum fyrirvara.

Barnagæsla Mörg sjúkrahús hér í borg reka eigið barnaheimili. Það er þó kunnara en frá þurfi að segja, að Sóknarkonur fá ekki inni með börn sín á þessum barnaheimilum. Þau eru ætluð læknum, hjúkrunarkonum og sjúkraliðum. Barnaheimili Sumargjafar eru lokuð giftum konum – námsmenn og einstæðir foreldrar ganga þar fyrir og biðlistar eru ætíð langir.

18 konur í úrtakinu áttu börn á aldrinum 0-6 ára, samtals 21 barn. Gæslu á þeim var þannig háttað:

Keypt gæsla í heimahúsi	5 konur
Faðir barnsins	3 —
Systkini barnsins	3 —
Amma barnsins	1 kona
Foreldrar og systkini konunnar	1 —
Var sjálf heima og hætt vinnu	1 —
Sumargjöf (ekki í tengslum við vinnust.)	1 —
Sumargjöf (vinnustaður konu)	2 konur
Dagheimili Landsspítalans (vinnustaður konu)	1 kona

4 af þessum 18 konum höfðu aðgang að barnaheimili með börn sín meðan þær unnu úti – þar af 3, sem unnu sjálfar á barnaheimilinu. Engin kona hafði barn sitt á leikskóla.

Vinnutími Sóknar-kvænna og maka þeirra

Spurt var hversu margar stundir konurnar og makar þeirra ynnu á viku að jafnaði. Svörin fara hér á eftir.

Einhleypra konur

Meðalvinnutími einhleypra Sóknarkvænna reyndist vera 37,4 klst. á viku að jafnaði.

Af 52 konum unnu 27 40 stundir á viku. 9 konur

unnu meira en 40 stundir á viku og 9 konur unnu minna en 40 stundir á viku (4 konur dattu út – tvær þeirra voru í skóla, 1 var atvinnulaus og 1 svar var óljóst).

Hér að neðan er tafla um vinnutímann eins og hann dreifðist á aldursflokkana. Vinnustundum virðist lítið fækka með aldrinum, eins og sjá má. Vafasamt er þó, hvort þessi dreifing segi eitthvað um heildina, þar sem í sumum aldursflokkum er um svo fáar konur að ræða (sbr. töfluna á bls. 5 um fjölda giftra kvenna og einhleypra). Varasamt er því að draga nokkrar ályktanir af þessari töflu.

Aldur	Meðalvinnutími á viku
16–20 ára	37,0
21–30 —	39,2
31–40 —	40,0
41–50 —	38,7
51–60 —	38,2
61–70 —	37,8
71–80 —	27,3

Giftar konur Meðalvinnutími giftra kvenna var 31,9 klst. á viku.

Giftar konur voru samtals 67. 4 þeirra dattu út við athugun á vinnutímanum – 2 þeirra unnu ekki lengur utan heimilis, 1 var veik og eitt svar var óljóst). Eftir eru því 63.

Af þessum 63 konum unnu 26, eða 41,3%, fullan vinnudag, þ. e. 40 stundir á viku. 2 konur unnu meira en 40 stundir, önnur 48 klst. og hin 53 klst. á viku.

Hér á eftir fer tafla um meðalvinnutíma hinna einstöku aldurshópa, sbr. töfluna hér að framan um einhleypar konur. Þessar 2 töflur eru frekar til innbyrðis samanburðar á giftum konum og

einhleypum en til alhæfingar um vinnutíma félagskvenna almennt.

Aldur	Meðalvinnutími á viku
16–20 ára	40,0
21–30 —	34,3
31–40 —	25,2
41–50 —	30,6
51–60 —	36,2
61–70 —	30,9

Eins og sjá má, er munurinn mestur hjá konum á aldrinum 31–40 ára. Ætla má, að á þessum aldri séu konur, og þá einkum giftar konur, hvað uppteknastar af barnauppleði og heimilisstörfum og það komi fram í því, að þær vinna þá frekar fáar stundir utan heimilis.

*Makar
Sóknar-
kvenna*

Meðalvinnutími maka Sóknarkvenna var 46,6 klst. á viku.

48 makar komu til greina við útreikning á vinnutímanum. 19 dattu út – þar af 2 sjómenn og skipstjóri og 2 vörubílstjórar með mjög óreglulegan vinnutíma. Sjúklingar, öryrkjar, ellilífeyrisþegar og nemar reiknast heldur ekki með, og 3 konur gáfu ekki upp vinnustundafjölda maka sinna. Eftir eru því 48.

Af þessum 48 unnu 21, eða 43,7%, 40 stundir á viku. 2 menn unnu minna, annar 24 klst. og hinn 25 klst.

Hér á eftir fer tafla um dreifingu vinnutímans miðað við aldur eiginkvennanna. Þessi tafla er langt frá því að vera altæk, en hún getur gefið nokkra vísbendingu um vinnustundafjölda karlmannanna á hinum ýmsu aldurskeiðum. Töfluna ber hins vegar að taka með varúð.

Aldur eiginkvenna	Meðalvinnut. eiginmanna
16–20 ára	49,0
21–30 —	50,6
31–40 —	49,9
41–50 —	43,7
51–60 —	47,8
61–70 —	36,0

Meðal- vinnutími hjóna

Allar nauðsynlegar upplýsingar voru til um 47 hjón (þ. e. bæði unnu úti og vinnudagafjöldinn var gefinn greinilega til kynna). Samanlagður vinnustundafjöldi þessara 48 hjóna var 3.628 klst. á viku, en það þýðir, að hver einstaklingur vinni 38,6 klst. á viku. Á 47 heimilum Sóknarkvenna (70% heimila giftra kvenna í úrtakinu) vinna bæði hjónin því nær fullan vinnudag. Þetta er at-
hyglisverð staðreynd (þótt varasamt sé kannski að alhæfa út frá henni).

Tekjur

Í könnuninni var spurt um tekjur kvennanna og maka þeirra (tímakaup, vikukaup, mánaðarlaun). Erfitt er að meta hversu áreiðanlegar þær upplýsingar eru, sem þarna fengust. Bæði er, að hugsanlega hafa sumar konur gefið upp fast viku- og mánaðarkaup maka sinna án þess að taka með eftir- og næturvinnu, og í sumum tilvikum hafa þær hreinlega giskað á upphæðina (það var a. m. k. reynslan með þær konur, sem talað var við gegnum síma, að þær virtust sumar hafa litla hugmynd um laun makans og giskuðu þá á þau. Skriflegu svörin ættu þó að vera áreiðanlegri, því sennilegt er, að þær konur hafi reynt að afla sér sem nákvæmasta upplýsinga).

Í þessum útreikningum getur þó varla skakkað

miklu. Makar Sóknarkvenna eru upp til hópa láglaunamenn, og því getur ekki verið um stórar upphæðir að ræða.

Allir kaupútreikningar eru miðaðir við nóvembermánuð 1976.

Einhleypar konur

Samtals komu 48 einhleypar konur til greina við útreikning á tekjum – 4 dattu út vegna ónógra upplýsinga.

Tekjur þessara 48 kvenna voru samtals kr. 3.201.793,00. Þetta þýðir, að meðaltekjur einhleyptra Sóknarkvenna eru kr. 66.704,00. Þessar konur hafa, auk sjálfra sín, 18 manns á sínu framfæri.

Giftar konur og makar þeirra

42 konur og makar þeirra reyndust fullnægja öllum skilyrðum í sambandi við útreikning á tekjum. 25 dattu út vegna engra eða ónógra upplýsinga um tekjur makans.

Tekjur giftra kvenna voru 2.227.840,00 eða kr. 53.043,00 pr. konu.

Tekjur maka voru 4.000.577,00 eða kr. 95.252 pr. mann.

Tekjur þessara 42ja hjóna voru samtals kr. 6.229.899,00, sem þýðir, að hver einstaklingur hafi í laun kr. 74.165,00 á mánuði.

Á bls. 14 kom fram, að meðalvinnutími hjóna er 38,6 klst. á viku. Þetta þarf að hafa í huga í sambandi við upplýsingarnar hér að framan um tekjur hjóna. Bæði hjónin vinna því nær fullan vinnudag fyrir samtals kr. 148.295,00 á mánuði.

Fundasókn

Í könnuninni var spurt, hvort konurnar hefðu sótt fundi hjá Sókn á árinu 1976. Þær, sem ekki höfðu sótt fund, voru beðnar að tilgreina helstu

ástæður fyrir því, að þær hefðu ekki sótt fund. Þær, sem höfðu sótt fund, voru beðnar að tilgreina hvers konar fundir þetta hefðu verið – aðalfundur, samningafundur eða sérfundur – og jafnframt að segja álit sitt á þessum fundum. Svörin fara hér á eftir (3 konur svöruðu ekki).

Hafa sótt fund

45 konur höfðu sótt fund hjá félaginu, en það er 38,7% af þeim, sem svöruðu. Við greiningu á þeim fundum, sem konurnar höfðu sótt, kom í ljós, að margar höfðu einungis sótt sérfund. Þessir fundir eru yfirleitt alltaf haldnir á vinnustöðunum sjálfum, og konurnar þurfa því ekkert á sig að leggja til að sækja slíka fundi – þær þurfa aðeins að vera á vinnustaðnum þegar fundurinn er haldinn.

Hér fer á eftir greining á fundunum.

Krossað aðeins við aðalfund	7 konur
— — — samningafund ..	4 —
— — — sérfund	12 —
Krossað við allt ofangreint	8 —
— — aðalfund og samningaf.	1 —
— — aðalfund og sérfund	3 —
— — samningafund og sérfund	2 —
Engin kross	8 —

Samtals: 45 konur

Sé þessi greining notuð sem mælikvarði á raunverulega virkni kvennanna í félaginu, má segja að einungis 25 af þessum konum séu „virkar“ – þ. e. a. s. þær konur, sem krossa við: aðeins aðalfund, aðeins samningafund, aðalfund og samningafund, aðalfund og sérfund, samningafund og sérfund og þær, sem krossa við allt.

Þessar 25 konur eru 21,5% af þeim, sem svöruðu.

Athugasemdirnar, sem konurnar gerðu við fundina, fara hér á eftir. 22 konur létu enga athugasemd fylgja.

Fundir ágætir/góðir	8 konur
Fleiri mættu tala á fundum	2 —
Riffrildi á fundum	3 —
Persónulegt þras of mikið	1 kona
Persónulegur áróður og svívirðingar ..	1 —
Fundir fara batnandi	2 konur
Vantar samhug, en stendur til bóta ..	1 kona
Mætti hafa kaffi og skemmtiatriði	1 —
Konur sýna ekki nógu mikla samstöðu og vilja láta forystuna gera allt	1 —
Uggandi um félagið vegna áhugaleysis, einkum hinna yngri	1 —

Hér á eftir fer yfirlit yfir aldur þeirra, sem sótt hafa einhverja fundi hjá Sókn. Eins og sést þarna, eru það einkum hinar eldri sem sækja félagsfundi – hinar yngri virðast hafa minni áhuga. Það kom líka fram hjá þeim yngri, að flestar nefndu áhugaleysi sem helstu ástæðu þess, að þær sæktu ekki fundi hjá félaginu.

Aldur	Fjöldi
16–20 ára	1
21–30 —	4
31–40 —	4
41–50 —	11
51–60 —	16
61–70 —	9

Samtals: 45

Þá má geta þess, að 30 af þessum konum voru giftar, en 15 þeirra einhleypar.

Hafa ekki sótt fund

Konur, sem ekki höfðu sótt fundi hjá félaginu, voru 71, eða 61,3% af konunum. Þessi tala verður þó hærri, ef líka eru taldar með þær konur, sem höfðu aðeins sótt sér fundi. Þá verður talan 83, eða 71,5%.

Konurnar voru beðnar að tilgreina helstu ástæðu þess, að þær hefðu ekki sótt félagsfund. Fara svörin hér á eftir. (7 konur svöruðu engu).

Áhugaleysi	22 konur
Framkvæmdaleysi	2 —
Leti	3 —
Ekki vitað um fund og hef ekki áhuga	1 kona
Áhugalaus, enda félagið magnlaust	1 —
Tímaskortur	6 konur
Kemst ekki frá börnum/heimili	8 —
Veikindi, þreyta	6 —
Vinna	2 —
Hef ekki samferðakonu	2 —
Ónýt að rata um bæinn	1 kona
Ófélagslynd	1 —
Líkar ekki félagsandinn	1 —
Alltaf rifist á fundum	1 —
Alltaf upptekinn	1 —
Ekki vitað um fund	3 konur
Aldrei boðist tækifæri	1 kona
Aldrei heyrt fundi auglýsta	1 —
Heyrnarleysi	1 —

Samtals: 71 kona

Athyglisvert er, hversu margar konur nefna „áhugaleysi“ sem helstu ástæðu – eða 22 konur. Að auki kemur „áhugaleysi“ fyrir í svörum 2ja

annarra. 2 konur nefna „framkvæmdaleysi“ og 3 konur nefna „leti“. 29 konur nefna því almennt áhugaleysi sem helstu ástæðu, en þetta er 45% af þeim konum, sem ekki hafa sótt fund hjá félaginu.

Viðhorf til vinnu

Konurnar voru spurðar, hvort þær myndu hætta að vinna úti, ef þær ættu kost á því. Þá voru þær einnig beðnar að tilgreina hvers vegna þær myndu vilja það eða vilja það ekki. 14 konur létu þessari spurningu ósvarað.

Svörin komu nokkuð á óvart. Mikill meirihluti kvennanna, eða 68,6%, kvaðst ekki vilja hætta að vinna utan heimilis. Oft heyrst því fleygt, að konur vilji ekki vinna utan heimilis – þær vilji helst vera heima og „hafa það gott“ og hugsa um börnin og heimilið. Þessi könnun leiðir hið gagnstæða í ljós (a. m. k. hvað varðar Sóknar-konur). Þess skal einnig getið, að athugað var hvort einhver munur væri á þeim konum sem vildu hætta að vinna og hinna, sem ekki vildu hætta, hvað varðaði aldur, hjúskaparstétt og vinnutíma. Enginn munur kom í ljós.

Svöruðu játandi

33 konur, eða 31,4% þeirra sem svöruðu, kváðust vilja hætta að vinna úti, ef þær ættu þess kost. Ástæðurnar, sem þær nefndu voru þessar (2 konur nefndu enga ástæðu):

Vil annan vinnutíma	1 kona
Vil aðra vinnu	3 konur
Kaupið lágt	1 kona
Tilneydd að vinna vegna fjárhags	1 —
Vil vera heima hjá börnum	9 konur
Vil hugsa um heimilið	5 —

Vil hætta til að slappa af	2 —
Vil hætta til að sinna áhugamálum	2 —
Er þreytt og uppgefin	3 —
Heilsuleysi	2 —
Elli	1 kona
Hvers vegna ekki?	1 —

Samtals: 31 kona

*Svöruðu
neitandi*

72 konur (68,6%) kváðust ekki myndu hætta að vinna, þótt þær ættu þess kost. Ástæðurnar, sem þær nefndu, fara hér á eftir. (5 konur nefndu enga ástæðu):

Hef áhuga á/ánægju af þessari vinnu	11 konur
Hef ánægju af að vinna	2 —
Líkar vel að vera innan um fólk	5 —
Nauðsynlegt að vera innan um fólk ..	4 —
Nauðsynlegt andlega séð að vinna ..	4 —
Gott að vinna hluta úr degi	5 —
Gott að vinna utan heimilis	7 —
Vil vinna úti	3 —
Tilbreyting frá heimilisstörfum	4 —
Styttir daginn	2 —
Vil vinna meðan heilsan leyfir	10 —
Ómögulegt að vera aðgerðarlaus	2 —
Sjálfsgott að bæði hjónin vinni úti ..	1 kona
Gott að fá peninga fyrir mig	1 —
Sjálfsgott að allir vinni	1 —
Vil liðsinna fólki	1 —
Hef ekki efni á að hætta	1 —

Samtals: 72 konur

Eftirmáli

Þessari könnun er ætlað að vera baráttuhvöt, ekki aðeins til Sóknarfélaga, heldur einnig til annarra í verkalýðshreyfingunni sem búa við svipuð kjör. Henni er líka ætlað að sýna hvað íslensku verkafólki er ætlað að lifa á árið 1976–'77. Svo tölum við um velferðarríki. Frelsi verkamannsins verður að vera hans eigið verk. Þau orð eru jafn sönn í dag og þegar þau voru sögð í fyrsta sinn.

Ekkert er okkur eins nauðsynlegt og stéttvísi. Því vona ég að þessi bæklingur hvetji Sóknarfélaga til að rækja félag sitt betur og standa fastar saman, og jafnframt vil ég þakka þeim, sem sækja fundi og eru baráttufúsir og baráttuglaðir.

Ég þakka Auði Styrkarsdóttur fyrir vönduð vinnubrögð og öllum sem hafa sýnt áhuga og samstarfsvilja.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.